



Valgerður S. Bjarnadóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við

Deild menntunar og margbreytileika, Háskóla Íslands:



The Complexities of Student Influence in Upper Secondary Schools in Iceland:

Pedagogic Practice and Subject Hierarchies

*Margslungin einkenni nemendaáhrifa í framhaldsskólum á Íslandi:
Kennsluhættir og stigveldi námsgreina*

Vörnin fer fram þriðjudaginn 4. júní kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Lynn Davies, prófessor emeritus við University of Birmingham, og dr. Michele Schweisfurth, prófessor við University of Glasgow.

Leiðbeinandi var dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor á Menntavísindasviði, og meðleiðbeinandi dr. Elisabet Öhrn, prófessor við Gautaborgarháskóla.

Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Guðrún Geirsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, og Monica Johansson, dósent við Gautaborgarháskóla. Dr. Gestur Guðmundsson, prófessor og formaður doktorsnámsnefndar, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Um verkefnið

Í nágildandi aðalnámskrá framhaldsskóla er skýrari áhersla á nemendaáhrif og lýðræðismenntun en í fyrri námskrám. Hefðbundin valdakerfi innan framhaldsskólans virðast þó styðja takmarkað við aukin nemendaáhrif í daglegu starfi. Sum þessara kerfa hafa skýr tengsl við hefðbundna virðingarröð námsgreina, sem endurspeglar jafnframt stigveldi þeirra. Rannsókn þessi gefur innsýn í viðhorf nemenda og kennara og margslungin einkenni nemendaáhrifa í íslenskum framhaldsskólum. Leitað var til kenninga Bernsteins um félagsfræði menntunar til að greina og lýsa kennsluháttum í tengslum við áhrif nemenda og valdastöðu.

Rannsóknin varpar ljósi á nemendaáhrif út frá ólíkum sjónarhornum og aðferðum, með greiningu á gögnum úr fjórum sjálfstæðum gagnasettum úr þremur rannsóknarverkefnum. Gögnin eru viðtöl við nemendur og kennara í rannsókn á starfsháttum í níu framhaldsskólum og tvær sjálfstæðar tilviksathuganir þar sem notaðar voru annars vegar etnógrafískar aðferðir og hins vegar viðtöl við nemendur.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nemendur hafi upplifað formlegar leiðir til áhrifa sem gagnslausar. Af þeim sökum voru tækifæri nemenda til að taka þátt í ákvörðunum í skólastarfinu tilviljanakenndar og byggðar á einstaklingsframtaki þeirra. Jafnframt endurspegluðu ólík tækifæri nemenda til áhrifa stigveldi brauta og námsgreina, þar sem stærðfræði á náttúrufræðibrautum var efst í stigveldinu. Stífur rammi um stærðfræði á náttúrufræðibrautum, sérstaklega í rótgrónum bóknámsskólum, olli því að greinin gegndi hlutverki hliðvarðar þegar kom að frekara námsvali nemenda. Niðurstöður sýna einnig dæmi um hvernig nemendaáhrif geta verið ógn við sett námsmarkmið. Fram kemur að áhrif nemenda séu margslungin og þau geti bæði ógnað og viðhaldið ríkjandi valdastöðu innan skólavettvangsins. Fer það meðal annars eftir samhengi á hvað nemendur reyna að hafa áhrif og hvernig þeim tekst til.

Enska

The current national curriculum for upper secondary education in Iceland frames student influence more explicitly than before. However, the current power structures within the upper secondary school, some of which are strongly related to traditional subject hierarchies, only vaguely support student influence through their pedagogic practice. In four separate articles, this study gives insight into students' and teachers' perspectives, reflecting the complexities of student influence in the school setting. Bernstein's theory on pedagogic codes informed the study.

Four individual data sets are used to explore student influence from different perspectives, using diverse empirical methods. Those include interviews with students and teachers from a research project on upper secondary school practices in nine schools in Iceland, ethnographic data from one school, and interviews with returning-to-school students from one school.

The findings indicate that students do not view representative approaches as legitimate channels for influence. Therefore, students experience inconsistent opportunities to participate in decision-making within their schools. Variations in students' opportunities to exercise influence within different academic programmes and subjects reveal subject hierarchies within the upper secondary school system. The natural science subjects, particularly mathematics, are on the pinnacle of the hierarchy. Strong framing in mathematics, particularly in the natural science programme, was a gatekeeper to students' further educational opportunities. The study also suggests that student influence can challenge students' learning, as it can result in some students losing out on important knowledge. The thesis, therefore, reports on the complexities of student influence and how it can both interrupt and reproduce power structures within the upper secondary school setting, depending on the context, students' targets, and outcomes.

Um doktorsefnið

Valgerður S. Bjarnadóttir fæddist í Skagafirði árið 1982. Hún lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands árið 2004 og námi í kennslufræðum til kennsluréttinda árið 2005, einnig frá Háskóla Íslands. Árið 2013 lauk hún meistaraprófi í alþjóðamenntunarfræðum (International and Comparative Education) frá Stokkhólmsháskóla. Valgerður starfaði við Menntaskólann á Akureyri um árabil og hefur sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Sem stendur vinnur hún að rannsókn um lýðræðislegt hlutverk háskóla ásamt rannsakendum við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Foreldrar Valgerðar eru Bjarni Maronsson og Jórunn Árnadóttir. Eiginmaður Valgerðar er Arnar Þór Jóhannesson stjórn málafræðingur, börn þeirra eru Rannveig Katrín og Jóhannes Árni.